

## Ályktun Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands á Selfossi 2010

Skógræktarfélag Íslands fagnar 80 ára afmæli á þessu ári, en félagið var stofnað á Alþingishátíðinni á Þingvöllum árið 1930. Félagið hefur frá upphafi lagt áherslu á skógrækt og endurheimt skógi vaxins gróðurlendis. Skógræktarhreyfingin hefur jafnframt unnið markvisst að eflingu skógræktar og útbreiðslu þekkingar á því sviði. Á þeirri löngu vegferð hefur margt áunnist þrátt fyrir að starfið hafi oftast en ekki mætt andbyr og áföll hrjád trjágróður og skóga.

Hlutverk skógarins í umhverfi Íslands hefur lengi verið vanmetið. Skógar gegna mikilvægu hlutverki í náttúru landsins. Rætur trjáanna binda jarðveg, skógurinn dregur úr vindi og rofi og kemur í veg fyrir að þessi öfl leiki lausum hala. Skógar taka til sín vatn, hreinsa það og miðla því áfram. Þá sía skógar og tré loft og bæta gæði þess þar sem mengun er viðvarandi. Víða um heim er markvisst unnið að því að auka trjágróður í stærstu borgum í því skyni að bæta loftgæði þeirra. Skógar skapa einnig einstök vistkerfi þar sem fjölbreytt lífríki þrífst.

Frumherjar í skógrækt á Íslandi börðust við erfiðar aðstæður, skilningsleysi og almenna vantrú á skógrækt. Hver blettur landsins var nýttur til beitar í harðri lífsbaráttu fátækrar þjóðar. Mikil vinna og óbilandi ræktunarstarf frumherjanna, bæði í gördum einstaklinga og á stærri svæðum skógræktarfélaganna, sannaði smám saman tilverugrundvöll trjá- og skógræktar. Engum vafa er nú undirorpið að þjóðin hefur nú almennt trú á skógrækt og sækir í þá skóga sem vaxið hafa.

Breytingarnar eru miklar á 80 árum og margt hefur áunnist í skógræktarmálum.

Skógræktarfélag Íslands á þar stóran hlut að máli. Hluti breytinganna er tengdur almennum þjóðfélagsbreytingum. Nefna má meðal annars eftirtalin atriði:

- Útbreiðsla skóga hefur lengi verið eitt helsta baráttumál Skógræktarfélags Íslands. Skógar eru nú farnir að setja mark sitt á landið og hröð útbreiðsla nýskóga fer nú fram bæði á vegum opinberra aðila í skógræktarverkefnum og einkaaðila í löndum sem þeir ráða. Sömuleiðis er sjálfgræðsla skóga orðin áberandi á þeim svæðum sem hafa verið friðuð og undirbúin m.a. með útbreiðslu belgjurta.
- Hér á landi er trjágróður ekki síst nauðsynlegur til að skapa skjól fyrir fólk og viðkvæman gróður sem þrífst þá enn betur en ella og stuðlar að aukinni líffjölbreytni. Skjólið skapar betri skilyrði til ræktunar sem ekki væri möguleg ella. Ýmsir berjarunnar þrífast vel í skógum og skjóli, sveppir sem fylgja trjátegundum skapa nýjar hefðir og athafnir sem hægt er að nýta og efla enn frekar. Nýjar tegundir fugla fá athvarf og búfestu hér á landi og ýmsar innlendar tegundir breiðast út.

- Áhugi á ræktun leynir sér ekki, t.d. leita þéttbýlisbúar í ríkum mæli á landsbyggðina til afþreyingar og þúsundir landsmanna byggja bústaði á landsbyggðinni þar sem mikil ræktun er stunduð.
- Með stofnun Yrkjusjóðsins hefur æsku landsins gefist kostur á að gróðursetja tré og með þeim hætti fá þúsundir ungmenna í grunnskólum landsins tækifæri til að afla sér reynslu og þekkingar á mikilvægi þess að rækta og bæta landið. Á hverju ári hafa um 100 grunnskólar og 7-8 þúsund ungmenni tekið þátt í þessu starfi.
- Með skógarlundum víðsvegar um landið hafa skógræktarfélagin skapað mikilvæga aðstöðu til fjölbreyttrar útvistar öllum til yndisauka. Þúsundir nýta sér skógræktarsvæði landsins til afþreyingar og andlegrar og líkamlegrar heilsubótar. Þetta starf heldur áfram í Landgræðsluskógaverkefninu með góðum stuðningi stjórnvalda og Alþingis.
- Með stofnun og starfi Kolviðar vill félagið leggja sitt af mörkum til að Ísland geti staðið við markmið sín í loftslagsmálum. Aukin skógrækt á Íslandi, sem einu sinni var skógi vaxið, er eitt af því sem hægt er að gera til að sporna við losun koltvísýrings út í andrúmsloftið.
- Með aukinni skógrækt verður til sjálfbær auðlind sem þjóðin getur nýtt um ókomnar kynslóðir bæði til efnahagslegrar og andlegrar uppbyggingar.
- Skógrækt er nú stunduð í öllum hlutum landsins. Hún hefur jákvæð áhrif á byggðaðróun og með henni dafna tækifæri í ferðaþjónustu auk þess sem hún skapar tækifæri til nýrra atvinnuhátta, s.s. þróunar á timburafurðum.

Þrátt fyrir þennan árangur eru enn mörg verk að vinna:

- Til að stuðla að útbreiðslu náttúrulegra skóga er nauðsynlegt að draga enn úr lausagöngu búfjár. Skógræktarfélag Íslands þarf enn að berjast fyrir því að búfjárhald lúti eðlilegum takmörkunum svo land grói sem mest upp með sjálfgræðslu. Taumlaus beit og lausaganga búfjár á að heyra fortíðinni til.
- Skipulagsmál hafa verið ofarlega í hugum margra skógræktarféлага. Á þenslutíma síðustu ára hafa mörg aðildarfélag orðið fyrir barðinu á þeirri miklu útpenslu sem mörg sveitarfélög stóðu að. Í skipulagslögum eru skógræktarsvæðin ekki skilgreind sérstaklega heldur hafa þau skilgreininguna „Opin svæði til sérstakra nota“. Þessi óljósa skilgreining hefur ekki reynst fela í sér neina vörn þegar á hefur reynt og því hafa mörg aðildarfélag þurft að glíma við að verja rétt sinn. Nýleg skógræktarsvæði hafa vikið fyrir útpenslu byggðar sem hefði verið unnt að koma fyrir með öðru móti.
- Komið hefur í ljós að réttarstaða nýmarka og skógræktarsvæða er mjög veik hvort sem litið er til skipulagslaga, skógræktarlaga eða náttúruverndarlöggjafar. Nauðsynlegt er að styrkja stöðu skógræktarsvæða þannig að slíkir árekstrar heyri sögunni til í framtíðinni. Almannahagsmunir eiga þar að vera í fyrirrúmi en ekki stundarhagsmunir og skammtímasjónarmið.

- Mikilvægt er að stuðla að því að sem flestir, sem áhuga hafa, geti stundað skógrækt sér til yndisauka og þjóðinni til framdráttar. Halda þarf áfram að gera skóga á vegum aðildarfélaganna aðgengilega fyrir almenning.
- Efla þarf skilning á gildi skóga og meðvitund um þær gróðurfarsbreytingar sem eru að verða m.a. vegna breyttra atvinnuhátta og loftslagsbreytinga. Einnig þarf að breiða út þekkingu á umhirðu skóga og leiðum til að auka líffræðilega fjölbreytni þeirra og yndi sem fólk hefur af þeim. Fræðandi umræða er vísasta leiðin til að auka þekkingu og efla þarf enn frekar útgáfustarf félagsins og miðlun eftir rafrænum leiðum.

Skógræktarfélag Íslands vill á þessum tímamótum þakka þeim aðilum sem lagt hafa starfi félagsins og aðildarfélaganna lið á undanförunum árum. Þar ber fyrst að þakka þeim fjölmörgu félagsmönnum sem með stuðningi og hvatningu leggja félagastarfinu liðsinni sitt með ýmsum hætti og starfi hundruða stjórnarmanna í þeim 60 félögum sem starfa um landið. Allt það starf verður seint metið til fjár.

Einnig vill félagið þakka stjórnvöldum og Alþingi fyrir þann stuðning sem félagið og skógræktarhreyfingin hefur fengið á undanförunum árum og góð samskipti um málefni skógræktar í landinu. Þá vill félagið þakka þeim einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum sem lagt hafa félaginu lið í margvíslegum verkefnum sem það hefur staðið fyrir til að gera skógræktarsvæðin sýnilegri og aðgengilegri fyrir almenning.

Skógræktarfélag Íslands er fjöldahreyfing sem hefur mikilvægu hlutverki að gegna, ekki síður á nýrri öld en þeirri liðnu. Markvisst starf aðildarfélaganna skilar okkur betra landi viði vöxnu, sem ókomnar kynslóðir munu njóta.